

STEFNA

Félagsdómur,
Dómhúsi Landsréttar,
Vesturvör 2,
Kópavogi

GERIR KUNNUGT: að dóminum hafi tjáð Fræðagarður, kt. 491079-0459, Borgartúni 6, Reykjavík, að stéttarfélagið þurfi að höfða mál gegn Hafnarfjarðarbæ, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, Hafnarfirði, til viðurkenningar á kröfum stefnanda, svo sem hér verður lýst. Er Rósu Guðbjartsdóttur kt. 291165-3899, Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði, stefnt sem bæjarstjóra stefnda, Hafnarfjarðarbæjar, fyrir hönd sveitarfélagsins.

I. Dómkröfur.

Stefnandi kveðst krefjast þess að viðurkennt verði með dómi að Katrín Sjöfn Róbertsdóttir kt. 100789-2139, félagsmaður stefnanda, hafi átt rétt til greiðslu 8% persónuálags úr hendi stefnda frá og með 1. mars 2020, samkvæmt gr. 10.2.2 í kjarasamningi milli stefnanda og Sambands íslenskra sveitarfélaga, f.h. stefnda, dags. 21. mars 2016, með síðari breytingum.

Þá kveðst stefnandi krefjast þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum virðisaukaskatti, en stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins, ef til hennar kemur.

II. Málflutningsumboð.

Jón Sigurðsson lögmaður, hrl., JS lögmannsstofu, Lágmúla 7, Reykjavík (jon@jsl.is), fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

III. Málsatvik, málsástæður og lagarök.

1. Málavextir.

1.1 Stefnandi, stéttarfélagið Fræðagarður, kveðst höfða mál þetta f.h. félagsmanns síns, Katrínar Sjöfnar Róbertsdóttur, sem starfar sem leiðbeinandi á leikskólanum Álfasteini sem rekinn er af stefnda. Ágreiningur aðila máls og dómkröfur ber stefnandi um að lúti að ákvæði 10.2.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs, dags. 21. mars 2016, með síðari breytingum.

1.2 Stefnandi kveður kafla 10.2 í kjarasamningi aðila fjalla um símenntun og gr. 10.2.2 um persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar. Í ákvæði gr. 10.2.2 segir:

10.2.2 Persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar.

Starfsmenn skulu fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 2 % eftir 1 árs fagreynslu í starfsgrein sinni.
- Samtals 4% eftir 3 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.

- *Samtals 6% eftir 5 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.*
- *Samtals 8% eftir 9 ára fagreynslu í starfsgrein sinni.*

Þeir sem náð hafa 13 ára fagreynslu við gildistöku samningsins og hafa fengið 2% persónuálag vegna þess, halda því meðan þeir eru í samfelldu starfi hjá sama vinnuveitanda.

1.3 Stefnandi ber um að félagsmaður sinn, Katrín Sjöfn Róbertsdóttir, hafi starfað sem leiðbeinandi á leikskólanum Álfasteini frá árinu 2014 eða í um sjö ár. Þar áður hafi Katrín starfað á öðrum leikskóla hjá stefnda, Vesturkoti, frá árinu 2009. Katrín hafi því starfað sem leiðbeinandi á leikskóla hjá stefnda í rúm 12 ár. Katrín hafi verið í Verkalýðsfélaginu Hlíf og unnið sér inn 8% persónuálag á grundvelli kjarasamnings Hlífar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna símenntunar og reynslu í starfi. Undir lok árs 2019 hafi Katrín lokið BA próf í sálfræði og hafi í kjölfarið ákveðið að færa sig yfir í stéttarfélag stefnanda. Stefnandi greinir svo frá að þegar Katrín hafi fært sig um stéttarfélag hafi stefndi afnumið það persónuálag sem hún hafði unnið sér inn og hafi Katrín frá 1. mars 2020 ekki fengið greitt persónuálag ofan á launin sín. Stefnandi kveður Katrínu hafa gert stefnda grein fyrir þessu og farið fram á leiðréttingu launa á þá vegu að hún fengi greitt áunnið 8% persónuálag. Stefndi hafi hafnað beiðni Katrínar með tölvupósti til hennar, dags. 4. mars 2021, og tekið þá fram að fagaldur væri metinn frá því Katrín lauk prófi.

1.4 Stefnandi ber um að samstarfsnefndarfundur hafi verið haldinn vegna málsins hinn 10. mars 2021. Á fundinum hafi komið fram hver afstaða aðila fundarins var og að aðilar hafi ekki verið á sama máli. Afstaða stefnanda hafi verið sú að starfsmaður sem unnið hefði sér inn persónuálag í starfi ætti rétt á að halda því þó hann færði sig um stéttarfélag. Á fundinum kveður stefnandi að fram hafi komið afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hafi verið að við mat á fagreynslu skuli taka mið af starfstíma og/eða framhaldsnámstíma á því fræðasviði sem viðkomandi væri ráðinn til starfa á. Þá kveður stefnandi þá afstöðu stefnda hafa komið fram að ef viðkomandi hafi sinnt störfum utan þess fræðasviðs sem menntun hans tilheyrir teljist þau störf ekki til fagreynslu.

1.5 Stefnandi kveðst hafa sent stefnda og Sambandi íslenskra sveitarfélaga bréf, dags. 1. júlí 2021, þar sem gerð hafi verið sú krafa að stefndi framkvæmdi launaleiðréttingu gagnvart umræddum félagsmanni stefnanda og tæki tillit til símenntunarákvæðis kjarasamnings aðila og túlkunar stefnanda á því ákvæði. Stefndi hafi hafnað kröfu þessari með tölvupósti, dags. 6. júlí 2021, og tekið undir með túlkun Sambands íslenskra sveitarfélaga á ákvæði gr. 10.2.2 í kjarasamningi.

1.6 Stefnandi kveðst hafa ritað stefnda bréf, dags. 8. september 2021, og boðað málshöfðun af hálfu stefnanda, enda hafði stefndi ekki orðið við kröfum stefnanda um leiðréttingu launa vegna framangreinds.

2. Málsástæður.

2.1 Stefnandi kveðst reisa stefnukröfur á því að Katrín Sjöfn Róbertsdóttir eigi samningsbundna og lögvarða kröfu á því að fá greitt 8% persónuálag samkvæmt ákvæði gr. 10.2.2 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og stéttarfélagsins Fræðagarðs, dags. 21. mars 2016, með síðari breytingum, sbr. dskj. nr. 3. Stefnandi kveðst byggja á því að stefndi hafi brotið í bága við gr. 10.2.2 í kjarasamningi aðila með því að virða að vettugi reynslu umrædds starfsmanns og greiða ekki persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar. Ágreiningur aðila snúi að því hvernig túlka beri ákvæði 10.2.2. í kjarasamningi um persónuálag vegna fagreynslu og símenntunar. Stefnandi kveðst benda á að sá skilningur hafi ávallt verið lagður í ákvæðið að fagreynslu geti starfsmaður öðlast annars vegar í starfi hjá sama atvinnurekanda og hins vegar með reynslu í ákveðnu fagi óháð fyrir hvern sé unnið. Stefnandi kveðst vekja athygli á því að ágreiningur aðila sé samkvæmt þessu ekki um einstaklingsbundin umsamin ráðningarkjör einstakra starfsmanna. Stefnandi ber við að málið eigi undir Félagsdóm á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra

starfsmanna.

2.2 Stefnandi kveðst byggja á því að Katrín Sjöfn hafi fullnægt áskilnaði ákvæðis gr. 10.2.2 kjarasamnings aðila til þess að fá notið 8% persónuálags vegna fagreynslu og símenntunar frá og með 1. mars 2020 en á þeim degi hafi hún orðið félagsmaður í stefnanda. Samkvæmt 10.2.2 í kjarasamningi eru forsendur þess að starfsmenn fái greitt persónuálag árleg þátttaka í símenntunaráætlun. Þá þarf starfsmaður að leggja fram gögn sem staðfesta starfstíma til að fá fagreynslu í starfsgrein metna. Stefnandi kveðst benda á að fyrir liggja og sé staðfest af stefnda að Katrín hafi tekið þátt í símenntunaráætlun í starfi sínu enda hafði hún þegar fengið greitt 8% persónuálag á grundvelli samhljóða ákvæðis fyrrum kjarasamnings síns, kjarasamnings Verkalýðsfélaginu Hlífar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Allt að einu felist í þessu staðfesting stefnda á því að Katrínu beri að fá það persónuálag sem dómkröfur lúti að. Þá liggja starfstími Katrínar fyrir en hún hafi starfað í 12 ár sem leiðbeinandi hjá stefnda og hafi því 12 ára reynslu af því fagi. Katrín uppfylli því skilyrði ákvæðis gr. 10.2.2. í kjarasamningi aðila og beri stefnda að greiða henni 8% persónuálag á grundvelli þess. Katrín mun hafa farið fram á það við stefnda að laun hennar yrðu leiðrétt með tilliti til persónuálags en stefndi hafnað kröfu Katrínar með tölvubréfi dags. 4. mars 2021, sbr. dskj. nr. 9. Kveðst stefnandi telja þá höfnun ólögmeeta með vísan til framangreinds ákvæðis kjarasamnings aðila, sjá dskj. nr. 3.

2.3 Stefnandi kveðst byggja á því að Katrín Sjöfn hafi þegar áunnið sér rétt til 8% persónuálags og að stefnda hafi verið óheimilt að afnema það þegar veitta persónuálag. Katrín hafi unnið sér inn og fengið greitt 8% persónuálag á grundvelli ákvæðis kjarasamnings fyrrum stéttarfélags síns, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Samband íslenskra sveitarfélaga, sem veitt hafi starfsmönnum persónuálag vegna símenntunar og starfsreynslu. Stefnandi kveðst benda á að samhljóða ákvæði sé í kjarasamningi stefnanda við Samband íslenskra sveitarfélaga og að stefndi hafði engar forsendur fyrir því að svipta Katrínu þegar veittum rétti til persónuálags. Katrín uppfylli skilyrði ákvæðis gr. 10.2.2 í kjarasamningi aðila að fullu og hafi því réttilega átt að halda því persónuálagi sem hún hafði unnið sér inn. Stefndi hafi brotið gegn kjarasamningsbundnum rétti hennar þegar stefndi lét af greiðslum persónuálags til hennar.

2.4 Stefnandi kveðst byggja á því að ákvæði 10.2.2 í kjarasamningi aðila er að mestu leiti samhljóða ákvæði kjarasamnings Verkalýðsfélagsins Hlífar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um persónuálag vegna símenntunar. Efnislega sé um sama réttinn til persónuálags og skilyrðin hin sömu. Samningsákvæðin verði því lögð efnislega að jöfnu. Hendur vinnuveitandans, stefnda, séu bundnar og honum beri að viðhalda óbreyttu persónuálagi í tilviki Katrínar, þegar félagsmaðurinn færast yfir á nýjan kjarasamning, enda samningsákvæðin efnislega þau sömu og rétturinn til persónuálags þegar áunninn og veittur. Stefnandi bendir á að þrátt fyrir að orðið fagreynsla sé notað í gildandi samningsákvæði, hafi það hugtak ávallt verið túlkað hvoru tveggja sem reynsla af ákveðnu fagi óháð vinnuveitanda eða reynsla af ákveðnu starfi hjá núverandi vinnuveitanda. Hafi það verið óumdeild túlkun fram til þessa. Katrín hafi starfað í yfir 7 ár sem leiðbeinandi á leikskólanum Álfasteini. Þar áður hafi hún starfað sem leiðbeinandi á öðrum leikskóla hjá sama vinnuveitanda. Að vera leiðbeinandi á leikskóla sé hennar fag í starfi og hafi hún aflað sér yfir 12 ára reynslu í faginu.

2.5 Stefnandi greinir svo frá, að engar breytingar hafi verið gerðar á starfi Katrínar sem hafi orðið til þess að reynsla hennar í faginu yrði höfð að engu, líkt og stefndi hafi gert, og þar með réttlætt það að stefndi léti af greiðslum persónuálags. Katrín starfi enn sem leiðbeinandi á leikskólanum Álfasteini, hún hafi ekki fært sig til í starfi og engin breyting hafi verið gerð á starfsskyldum hennar. Katrín búi enn yfir allri þeirri reynslu sem hún hafi unnið sér inn sem leiðbeinandi í leikskóla hjá stefnda. Ekkert réttlæti það að stefndi greiði henni ekki persónuálag til samræmis við ákvæði gr. 10.2.2 í kjarasamningi aðila.

2.6 Stefnandi kveðst byggja á því að engin heimild sé fyrir stefnda að afnema persónuálag Katrínar

Sjafnar á þeim eina grundvelli að hún hafi lokið háskólaprófi og fært sig um stéttarfélag, sjá dskj. nr. 9 og 7. Stefnandi kveðst benda á að ákvæði gr. 10.2.2 í kjarasamningi feli í sér umbun fyrir reynslu af starfi háð skilyrði um þátttöku í símenntunaráætlun. Reynsla af starfi á grundvelli ákvæðisins sé ekki tengd stéttarfélagsaðild starfsmanna eða bundin því að starfsmaður ljúki háskólaprófi, enda sjái þess ekki stað í kjarasamningi aðila. Stefnandi kveðst telja að það eitt að ljúka háskólanámi og færa sig um stéttarfélag geti ekki réttlætt það að stefndi virði þegar metna starfsreynslu Katrínar að vettugi og afnemi við það persónuálag hennar.

2.7 Stefnandi kveðst gera fyrirvara um nýjar málsástæður á síðari stigum málsins.

3. Tilvísun til helstu lagaákvæða og réttarreglna.

Auk framangreindra lagaraka kveðst stefnandi byggja kröfur sínar fyrst og fremst á gildandi kjarasamningi aðila, sbr. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs, dags. 21. mars 2016, með síðari breytingum. Stefnandi kveðst einnig vísa til almennra reglna um skuldbindingargildi samninga og meginreglna vinnuréttar. Þá er vísað til laga nr. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þ.m.t. 3. tl. 1. mgr. 26. gr., sbr. einnig IV. kafla, þ.m.t. 44. gr., laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla l. nr. 91/1991, aðallega 129. og 130. gr. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði byggir á l. nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattskyldur og til að tryggja skaðleysi sitt sé honum nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan úr hendi stefnda.

IV. Sönnunargögn.

Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi leggja fram m.a. kjarasamning aðila, ráðningarsamning, launaseðla og afrit bréfa milli aðila.

Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn undir rekstri málsins og til að óska eftir því að aðrir aðilar og vitni gefi munnlegar skýrslur, eftir því sem ástæða er til og málsástæður stefnda gefa tilefni til.

V. Fyrirkall

Fyrir því stefnist hér með framangreindri Rósu Guðbjartsdóttur, Kirkjuvegi 7, Hafnarfirði, bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar, til þess að mæta fyrir hönd stefnda er mál þetta verður þingfest þriðjudaginn 19. október 2021, kl. 14:40 í dómsal 1 í dómhúsi Landsréttar, að Vesturvör 2, Kópavogi, og til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, á dómkröfur að hlýða og dóm þola í framangreinda átt. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda má búast við að dómur verði lagður á málið í samræmi við kröfugerð stefnanda.

Stefnufrestur er þrjú sólarhringar.

Reykjavík, 13. október 2021.


Forsæti Félagsdóms



Mér nægilega birt f.h. stefnda, sem fallið hefur mér að sækja þing er málið verður þingfest. Fallið er frá stefnufresti.

Hafnarfirði, 15.10 2021.

